

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Akureyrarbæ, nr. 31/2020.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Sorphirðugjald á íbúð er 40.995 kr.

2. gr.

4. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Innifalin í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldskyldu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðis að Réttarhvammi, gegn framvísun 16 skipta klippikorts, sem fæst árlega. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 m³, sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Aukakort kostar kr. 8.500.

3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Fyrir móttöku á malbiksbroti á Malbikunarstöð Akureyrar, skal greiða 6 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.

Fyrir móttöku á múr- og glerbroti, sem er umfram eðlilega heimilislosun, að Sjafnarnesi 2-4, Akureyri, skal greiða 6 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.

4. gr.

Ný 7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Jarðvegslosun að Jaðri.

Gjaldskrá að Jaðri miðast við losun fyrir einn mánuð í senn og er tímabilið 1.-31. hvers mánaðar.

Lágmarkslosunargjald fyrir hvern mánuð er kr. 5.000.

Ef 2-10 m³ eru losaðir innan mánaðar greiðast 2.000 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 5.000 kr.

Sé losun meiri en 10 m³ innan mánaðar greiðist 250 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 5.000 kr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni tekur gildi við birtingu. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 15. desember 2020.

F.h. Akureyrarbæjar, 4. janúar 2021,

Inga Þóll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.